

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður til þóknann- 10
legrar leiðbeiningar, að jeg álít rjett, að hin umrædda grunnleiga, að því leyti sem hún 4. jan
tilfellur landssjóði, sje tekin lögtaki á venjulegan hátt, samkvæmt 1. gr. 2. í lögum 16.
desbr. 1885, sem annað gjald af fasteignum landssjóðsins.

Auglýsing

um póstmál.

11

27. jan.

Það auglýsist hjermeð almenningi, að frá byrjun 2. ferðar austanpóstsins á þessu
ári, verður á leið pósts þessa stofnuð ný brjefhirðing í Ölvesinu sem fyrst um sinn
verður í Gljúfurárholti.

Reykjavík 27. janúar 1887.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

Auglýsing.

12

24. febr.

Þeim 10000 krónum, sem samkvæmt 10. gr. C. 4. í fjárlögnum á að úthluta
til sýslunefnda og bæjarstjórna fyrir árið 1887 til eflingar búnaði, að hálfu eptir fólks-
fjölda og að hálfu eptir tölu samanlagðra jarðarhundraða og lausafjórðunda, hefur nú
verið skipt svo milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfjelaga, sem eptirfylgjandi tafla sýnir:

Sýslu- og bæjarfjelög.	Lausafjár- hundruð árið 1884.	Fasteignar- hundr. eptir jarðab. 1861 og l. 15/8 85	Manntal 1/10 1880.	Upphæð, kr.
1. Austur-Skaptafellssýsla	1160,4	1013,5	1275	170
2. Vestur-Skaptafellssýsla	2042,6	2049,5	2229	310
3. Rangárvallasýsla	3741,6	7082,9	5360	780
4. Árnessýsla	4604,2	8606,8	6257	930
5. Vestmannaeyjasýsla	80,6	389,5	557	60
6. Gullbringu- og Kjósarsýsla	1889,2	4821,5	5660	640
7. Reykjavíkurkaupstaður	167,5	355,5	2567	200
8. Borgarfjarðarsýsla	1495,8	3747,4	2598	380
9. Mýrasýsla	1587,2	3286,2	2328	340
10. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	1125,4	4261,7	3272	430
11. Dalasýsla	1605,4	3692,6	2357	360
12. Barðastrandarsýsla	1009,7	3877,2	2857	380
13. Ísafjarðarsýsla	1705,0	3768,7	5033	550
14. Ísafjarðarkaupstaður	106,0	14,4	518	40
15. Strandasýsla	856,7	1554,2	1861	220
16. Húnavatnssýsla	4341,0	7209,4	5028	780
17. Skagafjarðarsýsla	3643,0	7667,9	4599	740
18. Eyjafjarðarsýsla	3541,5	7901,0	4780	760
19. Akureyrarkaupstaður	121,5	12,3	545	40
20. Norður-Þingeyjarsýsla	1053,3	1840,8	1571	220
21. Suður-Þingeyjarsýsla	2850,6	5191,6	3765	560
22. Norður-Múlasýsla	4144,0	4159,0	3825	580
23. Suður-Múlasýsla	3527,4	3866,0	3603	530
Samtals	46399,6	86369,6	72445	10000